

Reglur um framlög Borgarbyggðar til stjórnmalaflokka

Í samræmi við 5. gr. laga nr 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra veitir Borgarbyggð stjórnmalasamtökum, sem hafa fengið a.m.k. einn fulltrúa kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, árlega fjárframlög til starfsemi sinnar. Framlögin eru í hlutfalli við atkvæðamagn síðustu sveitarstjórnarkosninga. Á kosningarári skal framlagið greitt í tvennu lagi og skal seinni helmingur þess greiddast í samræmi við niðurstöður kosninga ársins en fyrri helmingur samkvæmt úrslitum fyrri kosninga.

Á fjárhagsáætlun hvers árs skal setja fjárhæð sem nemur 175 kr á hvern íbúa sveitarfélagsins og skal þeirri fjárhæð skipt milli stjórnmalaflokka í samræmi við framangreint hlutfall. Fjárhæðin tekur breytingum miðað við vísitölu neysluverðs í október ár hvert og er grunnvísitalan 472,2 stig m.v. október 2019.

Skilyrði úthlutunar framlaga er að viðkomandi stjórnmalasamtök hafi áður uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðun sbr 8. og 9. gr laga nr 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Framlagið skal greitt í október ár hvert fyrir liðandi ár nema á kosningarári, en þá skal fyrri helmingur framlagsins greiddur í mars en sá síðari í október.

Reglur þessar eru samþykktar í byggðarráði 30. janúar 2020 og staðfestar af sveitarstjórn 13. febrúar 2020.